

Af hverju stafar hegðunin?

Markmið nemanda er:	Ef starfsmaður er:	Og bregst við með því að:	Og ef viðbragð nemandans er:	Viðhorf nemandans að baki hegðuninni er:	Raunveruleg skilaboð:	Jákvæð viðbrögð starfsmanns gætu verið:
Athygli (að halda öðrum uppteknum eða fá "sérþjónustu")	Pirraður Áhyggjufullur Sakbitinn	Minna á Beita fortölum Hjálpa nemanda við hluti sem hann gæti gert sjálfur	Að hætta tímabundið en byrja síðar aftur á sömu eða annarri svipaðri hegðun Að hætta þegar hann fær "einkaathygli"	Ég telst bara með þegar tekið er eftir mér eða ég fæ "sérþjónustu" Ég skipti bara máli þegar ég held þér uppteknum	Taktu eftir mér Leyfðu mér að vera með eða koma að gagni	"Mér þykir vænt um þig og ____ (Dæmi: þú skiptir mig máli og ég ætla að verja tíma með þeir seinna) Leiðréttá með því taka nemanda með í eða fela honum hagnýt verkefni Forðast "sérþjónustu" Skipuleggja "einka"tíma Setja upp "rútínur" Nota þrautalausn Hvetja, efla Nota bekkjafundi Snerting án orða Hunsa hegðun Búa til merki án orða
Vald (að fá að ráða)	Reiður Véfengdur Hótað Uppgefinn eða sigraður	Rífast / skammast Gefa eftir Hugsá: "þú kemst ekki upp með þetta" eða "ég læt þig gera það" Langa til að hafa rétt fyrir sér	Að bæta í hegðunina Að samþykkja treglega eða með þrjósku Að finnast hann hafa unnið þegar starfsm. er í uppnámi	Ég tilheyri bara þegar ég ræð ferðinni eða sanna að enginn ræður yfir mér. "Þú getur ekki neytt mig"	Leyfðu mér að hjálpa Gefðu mér valkosti	Viðurkenna að það er ekki hægt að neyða nemandann og biðja hann um hjálp við að leysa málið. Bjórða takmarkaða valkosti. Draga sig út úr átökunum og róa sig niður. Vera vingjarnlegur en sýna festu. Framkvæma, ekki tala. Ákveða hvað þú ætlar að gera. Láta reglurnar eða "rútínurnar" um að stjórna. Þróa gagnkvæma virðingu. Setja fáar og skýrar reglur eða mörk Æfa eftirfylgni, hvetja, nota bekkjafundi Skipuleggja "sér"tíma
Hefnd (að ná sér niðri á e-m)	Særður Vonsvikinn Vantrúaður Er misboðið	Svara í sömu mynt Hefna sín Hugsá: "Hvernig gastu gert mér þetta" Taka hegðuninni persónulega	Að svara í sömu mynt Að magna hegðunina	Ég held ég tilheyri ekki svo ég meiði aðra svo þeim líði eins og mér. Engum getur líkað við mig eða þótt vænt um mig.	Mér líður illa, viðurkenndu tilfinningar mínar	Viðurkenna særðar tilfinningar; forðast að taka hluti persónulega, forðast refsingar og að svara í sömu mynt; byggja upp traust, nota gagnvirka hlustun, deila tilfinningum þínum, gera yfirbót, sýna að þér standi ekki á sama, gera – ekki tala, ýta undir styrkleika, setja alla í sama bátinn, nota bekkjafundi, skipuleggja "sér"tíma
Uppgjöf (að fá að gefast upp og vera í friði)	Vonlaus Hjálparvana Upplifir sig ónógan eða ófullkominn	Gefast upp Gera hluti fyrir nemanda / hjálpa of mikið Treysta ekki	Að draga sig enn til baka Er hlutlaus Engin framför Engin viðbrögð	Ég tilheyri ekki vegna þess að ég er ekki fullkominn, svo ég sannfæri aðra um að búast ekki við neinu af mér. Ég er hjálparvana og get ekki, það er ekki til neins að reyna af því að mér mistekst hvort eð er.	Ekki gefast upp á mér. Sýndu mér lítil skref.	Brjóta viðfangsefni upp í lítil skref, ýta undir og hrósa fyrir alla viðleitni, hafa trú á getu nemanda, einblína á jákvæða eiginleika hans, ekki vorkenna, ekki gefast upp, búa til tækifæri til velgengni, kenna aðferðir/leikni en ekki gera fyrir, byggja á áhugasviði barnsins, hvetja, hvetja, hvetja, nota bekkjafundi, skipuleggja "sér"tíma.